


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 1	MYL 103	Kennsluáætlun vorönn 2010


Áfangalýsing:

Teiknað eftir lifandi fyrirmynd með viðarkolum, blýanti og bleki. Áhersla lögð á að nemendur tileinki sér þekkingu á hlutfallaskiptingu mannlíkamans. Læri að skoða, greina og meta fyrirmyndir sínar á kerfisbundinn og rökrænan hátt. Læri að nota hjálpargögn, svo sem lóðlínu og hjálparlínur, til að bera saman stærðarhlutföll og meta hreyfingu og jafnvægi. Alhliða þjálfun og leikur í teikningu. Áhersla lögð á að nemendur ræði um og þjálfist í að leggja mat á vinnu sína og annarra.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þroski sjónskynjun sína, greini flókin form og túlki í tvívíðri teikningu
- þjálfir alhliða færni í teikningu
- kunnir skil á hlutfallaskiptingu mannlíkamans
- geti teiknað mismunandi hreyfingu í réttum hlutföllum og í jafnvægi
- geti notað mælingaaðferðir og hjálparlínur til að leggja mat á stærðarhlutföll
- geti greint aðalatriði viðfangsefnisins frá aukaatriðum
- kunnir að forgangsraða í vinnu sinni
- geti fjallað opinskátt og á faglegan hátt um eigin verk og annarra



Námsmat

Öll verkefni nemenda eru metin. Tekið er tillit til verkanna sjálfra eða afrakstursins 40% og ferlisins eða hvernig nemandi ber sig að við vinnuna 55%.

Mætingar 5%. Próflaus áfangi, 100% mætingaskylda.

Verkefni

1. Gerðar eru stórar teikningar, þar sem módelið er í löngum stöðum, með viðarkolum og við það notuð ýmis hjálpartæki. Áhersla er lögð á að greina jafnvægi í stöðunni og nýta blaðið. Hlutföll mannlíkamans eru skoðuð og form.
2. Teiknaðar stórar og litlar myndir, hraðteikningar, með mismunandi aðferðum og áhöldum svo sem blýanti, penslum og pennum.
3. Hraðteikningar
4. Vinna í skissubók heima og í skóla, nánari skoðun á módeli og teiknistíl.
5. Módelisaga

Þarfalisti

Blýantar HB, 2B, 5B

Skissubók, a.m.k. A4

Með fyrirvara um breytingar.

Björg Eiríksdóttir, BJE

Hallgrímur Ingólfsson, Hgi

bjorg@vma.is

hallgrimur@vma.is

viðtalst. mið 10:40-11:20

Gangi ykkur vel!

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í eitt ár án ábyrgðar.